

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**114. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 6. september 2010 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.**

## Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra leikskóla.
  - Innritunarreglur.
2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.
  - Úttekt Menntamálaráðuneytis - kynningarfundur og viðbrögð skólans.
  - Sjálfsmat skólans.
  - Prófreglur.
  - Námsmat.
  - Verklagsreglur vegna kvartana.
  - Skýrari línur í verkaskiptingu meðal kennara.
  - Sauðburðarleyfi nemenda/vordagar.
3. Drög að aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti lögð fram til kynningar.
4. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Leikskólastjóri, Guðrún Lára Magnúsdóttir lagði fyrir fræðsluráð til kynningar drög að skráningar- og innritunarreglum í Leikskólanum Ásgarði. Fræðsluráð fór yfir drögin og leikskólastjóri svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Afgreiðslu vísað til næsta fundar.

Leikskólastjóri greindi fræðsluráði frá því að hún hafi lagt það til við sveitarstjóra og byggðarráð að óskað verði eftir því við Mennta- og menningarmálaráðuneytið að stofnanaúttekt á starfsemi leikskólans verði unnin á skólaárinu 2011-2012. Þá lagði leikskólastjóri fram skóladagatal fyrir skólaárið 2010-2011.
2. Skólastjóri grunnskóla, Sigurður Þór Ágústsson greindi frá áhuga skólastjórnenda á því að almennur kynningarfundur verði haldinn um niðurstöður stofnanaúttektar á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra sem framkvæmd var af óháðum úttektaraðila sl. vor. Fyrir liggur að úttektaraðilinn er reiðubúinn að mæta á slíkan fund og kynna efni og helstu niðurstöður skýrslunnar. Fræðsluráð hvetur til þess að slíkur fundur verði haldinn síðar í þessum mánuði. Skólastjóri mun undirbúa fundinn.

Skólastjóri lagði fram sjálfsmatsskýrslu skólans sem unnin var nú í sumar en þar koma fram viðbrögð og tillögur skólastjóra um úrbætur í innra starfi skólans vegna þeirra atriða sem gerðar voru athugasemdir við í áður nefndri stofnanaúttekt. Fræðsluráð samþykkir að frekari umræða um sjálfsmatsskýrsluna fari fram á næsta fundi. Lagðar voru fram til kynningar prófreglur í Grunnskóla Húnaþings vestra en reglurnar tóku gildi í upphafi þessa skólaárs.

Skólastjóri kynnti fræðsluráði samræmt námsmat skólans sem gildir gagnvart öllum nemendum skólans og byggir á ákvæðum skólanámskrár og aðalnámskrár grunnskóla. Kynntar voru tillögur að verklagsreglum skólans vegna kvartana eða ágreiningsefna vegna starfsemi og/eða starfsmanna- og stjórnenda skólans. Um þessar tillögur er fjallað í sjálfsmatsskýrslu skólans.

Kynntar voru tillögur að verklagsreglum um skýrari línur um verkaskiptingu kennara, umsjónarkennara, sérkennara og deildarstjóra. Um þessar tillögur er fjallað í sjálfsmatsskýrslu skólans.

Formaður óskaði upplýsinga frá skólastjóra um sauðburðarleyfi nemenda og dagskrá vordaga. Skólastjóri upplýsti að hann hafi skipað starfshóp til að gera tillögur um tilhögun dagskrár vordaga og sauðburðarleyfa vegna komandi vors.

3. Lögð fram til kynningar drög að almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.

Magnús Eðvaldsson og Kristín Ólöf Þórarinsdóttir sátu fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Ína Björk Ársælsdóttir sat fundinn sem fulltrúi Skólaráðs.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:50.

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),  
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),  
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.),  
Gísli G. Magnússon(sign.).